

Ályktun heildarsamtaka launafólks á Íslandi, Öryrkjabandalags Íslands og Landssambands eldri borgara vegna Mannréttindaskrifstofu Íslands

Alþýðusamband Íslands, BSRB, Bandalag háskólamanna, Kennarasamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara krefjast þess að ríkisstjórn Íslands tryggi nú þegar rekstur Mannréttindaskrifstofu Íslands, eins og ætla má að hafi verið vilji Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga.

Mannréttindaskrifstofa Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í nútíma þjóðfélagi. Niðurskurður á fjárveitingum ríkisins til skrifstofunnar felur í sér skerta möguleika hennar til að gegna því hlutverki, eins og þörf er á.

Í hröðum þjóðfélagsbreytingum og miklum flutningum fólks milli landa er brýnt að skilgreina mannréttindi með þeim hætti að hverjum og einum séu tryggð eðlileg lífskjör og lífsskilyrði. Það er því áriðandi að Mannréttindaskrifstofunni sé veitt nægilegt fé til að hún njóti sjálfstæðis í starfi og geti gætt hagsmuna alls almennings eins og henni er ætlað.

Ofangreind samtök munu beita sér fyrir því að Mannréttindaskrifstofa Íslands geti starfað með eðlilegum hætti í framtíðinni, með framlögum úr ríkissjóði og að hún geti gegnt hlutverki sínu í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Á yfirstandandi ári munu samtökin tryggja rekstur skrifstofunnar.